

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

77. fundur.

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 29. apríl 2010, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fulltrúi á aðalfund Grand Hótel Mývatns ehf. 30. apríl.
3. Drög að aðalskipulagi Pingeyjarsveitar 2010-2022.
4. Erindi frá Þorgeiri Gunnarssyni f.h. Sólsetursins.
5. Erindi frá foreldrum ungra barna í sveitarfélaginu.
6. Fulltrúi á aðalfund Baðfélags Mývatnssveitar 7. apríl.
7. Framtíð sýslumannsembættisins á Húsavík.

Til kynningar:

Fundargerð Heilbrigðisnefndar Ne dags. 7. apríl.

Fundargerð stjórnar DA dags. 14. apríl.

Fundargerð samstarfsnefndar um brunavarnir dags. 19. apríl.

Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Pingeyinga dags. 20. apríl.

Ályktun frá U.M.F.Í.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.
Oddviti setti fund.

- 2. Fulltrúi á aðalfund Grand Hótel Mývatns ehf. 30. apríl.**
Fulltrúi Skútustaðahrepps á aðalfund Grand Hótel Mývatns verður Böðvar Pétursson.
- 3. Drög að aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022.**
Fyrir fundinum liggja drög að aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við drögin að svo komnu máli.
- 4. Erindi frá Þorgeiri Gunnarssyni f.h. Sólsetursins.**
Með bréfi dags. 27. apríl, er kynnt starfsemi Sólsetursins, geðræktarmiðstöðvar í Mývatnssveit. Fram kemur að nokkrir einstaklingar sem notuðu aðstöðu Sólsetursins á Húsavík á leið til bata, ásamt fleira fólki standi að starfseminni í Mývatnssveit. Í boði er stuðningur við einstaklinga sem miðar að því að efla sjálfstraust og færni í daglegu lífi, ráðgjöf, iðjuþjálfun og aðgangur að heilbrigðiskerfinu í gegnum fagfólk hjá Félagsþjónustu Norðurþings. Í niðurlagi bréfsins er óskað eftir styrk frá sveitarfélaginu til reksturs starfseminnar. Sveitarstjórn samþykkir styrk kr. 50.000,-
- 5. Erindi frá foreldrum ungra barna í sveitarfélaginu.**
Með bréfi krefjast foreldrar ungra barna úrræða í vistunarmálum barna á aldrinum eins til tveggja ára. Ekki er aðstaða til að vista svo ung börn í leikskólanum og úrræði því fá, hyggist foreldrar hefja vinnu eftir fæðingarorlof. Sveitarstjóra og oddvita falið að ræða við viðkomandi.
- 6. Fulltrúi á aðalfund Baðfélags Mývatnssveitar 7. apríl.**
Fulltrúi Skútustaðahrepps á aðalfund Baðfélags Mývatnssveitar verður Guðrún M. Valgeirsdóttir.
- 7. Framtíð sýslumannsembættisins á Húsavík.**
Enn á ný er framtíð sýslumannsembættisins á Húsavík til umræðu. Um nokkurt skeið hefur framtíð embættisins verið ótrygg sem sést best á því að ekki hefur verið gengið frá framtíðarsamningi við skipaðan sýslumann heldur er ráðningarsamningur hans framlengdur til nokkurra vikna í senn. Nú liggur fyrir frumvarp þar sem gerð er tillaga um að landið skiptist í sex lögregluumdæmi og þar með yrði einungis einn lögreglustjóri á norðurlandi. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur alveg fráleitt að í stærsta lögregluumdæmi landsins þ.e. í Þingeyjarsýslum sé lagt til að embætti lögreglustjóra verði lagt niður. Ekki hefur verið sýnt fram á að um hagræðingu og sparnað sé að ræða og því hljóta menn að gera þá kröfu til ríkisvaldsins að sýnt sé fram á hvað sparist áður en nefndar breytingar nái fram að ganga.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Margrét Hólm Valsdóttir,
Ingunn Guðbjörnsdóttir,
Kristján Stefánsson,
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétusson.

